

Íslenska 9.b. 2023-2024

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Stefnt er að virkri hópaskiptingu nemenda og leitast við að hafa sveigjanlegt fyrirkomulag. Fjölbreytni í kennsluháttum og virk þátttaka nemenda í náminu er undirstaða þess. Leitast er við að hafa námsefni og kröfur í samræmi við hæfni hvers og eins með verkefnum við hæfi. Þótt nemendur vinni á mismunandi hraða verður sama grunnnámsefni fyrir alla en aukalega ýmis verkefni sem dýpka skilning á viðfangsefninu fyrir bráðgera nemendur. Jafnframt verður stoðþjónusta og aðstoð í tímum í boði fyrir þau sem þurfa.

Stafsetning. Kennari leggur inn stafsetningarreglur og nemendur vinna verkefni tengd þeim og öðlast skilning á tengslum málfræðiþekkingar og réttitunar. Notast verður við kennslubókina Skrifinn og valin verkefni. 10%

Málfræði. Málið í mark - óbeygjanleg orð. Valin verkefni tengd málnotkun. Kennari leggur inn ný atriði og nemendur vinna fjölbreytileg verkefni í tímum og heima. 25%

Kennari leggur ávallt inn ný atriði og nemendur vinna í tímum og heima. Farið er yfir öll verkefni í tímum og ætlast er til að nemendur leiðrétti villur. Heimavinna fer eftir eðli og þyngd verkefna. Leitast er við að hafa verkefni sem fjölbreytilegust. Auk verkefna í kennslubókum verða fjölbreytt verkefni bæði á tölvutæku formi sem og verkefni frá kennara.

Bókmenntir.

Akam, ég og Annika eftir Þórunni Rakel Gylfadóttur. Bókin er eingöngu lesin heima. Verkefnavinna. Lokamat 15%

Laxdæla. Bókin er að mestu lesin í tímum, teknar niður glósur. Verkefni unnin heima. Lokamat 15%

Ritun og framsögn. Neistar og valin verkefni frá kennurum. Nemendur vinna valin verkefni í ritun. Skil á vinnubók. 20%

Setningafræði. Hefti með grunnatriðum í setningafræði. Grunnatriði setningafræðinnar lögð inn og verkefni unnin. Lokamat 10%

Námsáætlun

(Námsáætlun birt með fyrirvara um breytingar)

Tímabil / Viðfangsefni

Hæfniviðmið – Nemandi geti:

ág. – okt.

· Málfræði og stafsetning – Kennslubókin Málið í mark /óbeygjanleg orð, Neistar og verkefni í google classroom. Fjallað verður um einkenni einstakra smáorðaflokka.

Námsmat í lokin.

· Í lok okt. verður byrjað á upprifjun fallorða og sagnorða

· Jafnframt verða lagðar inn einstakar reglur í réttitun og nemendur styrktir í að nýta þekkingu í málfræði til bættrar réttitunar. Námsmat í lok hverrar nýrrar réttitunarreglu

· Ritun – framsögn: Nemendur vinna tvö til fjögur ritunarverkefni og æfa framsögn í tengslum við verkefni.

nóv.- jan.

· Haldið verður áfram með upprifjun nafnorða og sagnorða. Námsmat í lok yfirferðar.

· Jafnframt verða lagðar inn einstakar reglur í réttitun og nemendur styrktir í að nýta þekkingu í málfræði til bættrar réttitunar. Námsmat í lok hverrar nýrrar réttitunarreglu

· Lestur og bókmenntir – Nemendur lesa Akam, ég og Annika. Bókin

· Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess og gert sér grein fyrir mikilvægi þess að auka orðaforðann.

· Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum fallorða, sagnorða og smáorða og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta.

· Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta

· Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt. Nemandi geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.

· Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum fallorða, sagnorða og smáorða og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta.

· Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta

· Lesið almenna texta, með góðum skilningi, lagt mat á þá og

er lesin heima og í tímum. Samhliða lestri bókarinnar vinna nemendur fjölbreytileg verkefni, m.a. á google classroom, sem munu koma inn í námsmat í lokin. Námsmat við lok yfirferðar sögunnar.

túlkað

- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði svo sem persónusköpun, sjónarhorni, sögusviði, tíma og áttað sig á myndmáli.
- Gert sér grein fyrir gildi bókmennta, skilið mismunandi textategundir, greint aðal- og aukaatriði og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt.
- Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.
- Lesið almenna texta, með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði svo sem persónusköpun, sjónarhorni, sögusviði, tíma og áttað sig á myndmáli.
- Gert sér grein fyrir gildi bókmennta, skilið mismunandi textategundir, greint aðal- og aukaatriði og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur og gert sér grein fyrir mikilvægi þess að efla læsi.

febr.-mars

· Laxdæla lesin og margbreytileg verkefni unnin í tengslum við yfirferð s.s. útdrættir, spurningar úr köflunum, hugarkort, umræðuverkefni og ritunarverkefni auk þess sem leitast verður við að nemendur þjálfí framsögn við yfirferð. Námsmat við lok yfirferðar.

· Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt.

· Jafnframt verða lagðar inn einstakar reglur í réttitun og nemendur styrktir í að nýta þekkingu í málfræði til bættrar réttitunar. Námsmat í lok hverrar nýrrar réttitunarreglu

· Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta.

· Unnin verða valin verkefni úr kennslubókinni Neistar þar sem lögð verður áhersla á talað mál, hlustun, áhorf og ritun.

· Geti gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og tekið leiðbeiningum um framsögn, líkamsstöðu og hlutstun.

· Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, tjáð og rökstutt hugmyndir sínar og skoðanir. Byggt upp málsgreinar og afmarkað efnisgreinar.

· Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun við ritun.

· Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og teilefni og valið textagerð í samræmi.

· Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt.

apr.- maí

· Setningafræði – helstu hugtök setningafræðinnar eru kynnt og nemendur vinna verkefni. Námsmat að lokinni yfirferð.

· Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að auka orðaforðann.

· Jafnframt verða lagðar inn einstakar reglur í réttitun og nemendur styrktir í að nýta þekkingu í málfræði til bættrar réttitunar. Námsmat í lok hverrar nýrrar réttitunarreglu

· Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar:

Lýðræði og mannréttindi - Að nemendur verði þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í tengslum við verkefnavinnu. Lýðræðisleg vinnubrögð verði

æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra nemenda fá að njóta sín.

Læsi - Að nemendur vinni með læsi í víðum skilningi og áhersla verði á fjölbreytileika í framsetningu, t.d. myndlæsi og menningarlæsi. Nemendur vinni með fjölbreyttan texta sem stuðlar að auknum orðarforða og málskilningi.

Sjálfbærni - Að nemendum sé kennt sjálfbærni í daglegri umgengni í skólanum sem taki til bæði samskipta nemenda við hvert annað og umhverfi sitt. Að nemendur glími við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem upp geta komið.

Sköpun - Að nemendur ná að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Nemendur vinni við skapandi ritun (sögur og ljóð) og taki þátt í samræðum (spjallfélagar). Vinni að fjölbreyttum myndverkum við texta sem lesinn er.

Jafnrétti - Að nemendur fái að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fái verkefni við hæfi hvers og eins. Nemendur vinni með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Nemendur vinni að því að skapa námsumhverfi og verkefni sem byggja á jafnrétti.

Heilbrigði og velferð - Að taka mið að þörfum allra nemenda og skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.

Námsmat

Málfræði 25%

Setningafræði 10%

Stafsetning 10%

Korka 15%

Laxdæla 15%

Akam, ég og Annika 5%

Ritun og framsögn 20%

Enn sem fyrr munu einkunnir gefnar fyrir einstök hæfniviðmið en hæfniviðmið liggja á bak við verkefni nemenda. Nemendur/foreldrar geta séð hvaða hæfniviðmið liggja að baki hverju verkefni þegar farið er inn í námslotur námsgreinarinnar á Mentor. Gefnir verða bókstafirnir A, B, C, D fyrir hæfniviðmiðin en lokið /ólokið fyrir einstök verkefni. Í janúar fá nemendur mat fyrir haustönnuna í heild sinni og í maí fá nemendur námsmat fyrir allt skólaárið.

Námsmat er birt með fyrirvara um breytingar

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti

Gagnkvæm virðing og tillitssemi

Mæting

Nemendur mæti á réttum tíma í kennslustundir

Virgni í tímum

Nemendur nýti kennslustundir og fari eftir fyrirmælum kennara

Skil á verkefnum - sein skil

Nemendur standi skil á allri heimavinnu og skili verkefnum á réttum tíma, áriðandi er að nýta sér upplýsingar í Mentor

Ritstuldur

Nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð og skrifi ekki upp eftir öðrum

Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur

Stafsetningarorðabækur, efni á netinu: bin.is, nams.is, malbjorg.is og glósur á heimasíðu skólans

Skyldur nemenda	Nemendur stundi námið af samvisekusemi
Skyldur kennara	Kennarar miðla þekkingu, aðstoða og hvetja nemendur
Stoðþjónusta nemenda	Sérkennarar, stuðningsfulltrúar og námsráðgjafi